

AUGLÝSING

um meðferð forsetavalds í fjarveru forseta Íslands.

Forseti Íslands, herra Ólafur Ragnar Grímsson, fer til útlanda í dag.

Í fjarveru hans fara forsætisráðherra, forseti Alþingis og forseti Hæstaréttar með vald forseta Íslands, samkvæmt 8. gr. stjórnarskrárinnar.

Forsætisráðuneytinu, 5. ágúst 1999.

F. h. r.

Ólafur Davíðsson.

16. ágúst 1999

Nr. 82

AUGLÝSING

um að forseti Íslands sé kominn heim og tekinn við stjórnarstörfum.

Forseti Íslands, herra Ólafur Ragnar Grímsson, er kominn úr för sinni til útlanda og hefur á ný tekið við stjórnarstörfum.

Forsætisráðuneytinu, 16. ágúst 1999.

Davíð Oddsson.

Ólafur Davíðsson.

7. september 1999

Nr. 83

FORSETABRÉF

um að Alþingi skuli koma saman föstudaginn 1. október 1999.

FORSETI ÍSLANDS

gjörir kunnugt: Ég hefi ákveðið, samkvæmt tillögu forsætisráðherra, að Alþingi skuli koma saman föstudaginn 1. október 1999, kl. 13.30.

Um leið og ég birti þetta, er öllum, sem setu eiga á Alþingi, boðið að koma nefndan dag til Reykjavíkur, og verður þá Alþingi sett í Alþingishúsinu.

Gjört í Reykjavík, 7. september 1999.

Ólafur Ragnar Grímsson.

(L. S.)

Davíð Oddsson.